

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

# MENNTASTEFNA 2008-2027

---

---

---

# 1 EFNISYFIRLIT

---

2	INNGANGUR .....	3
3	ÞÁTTAKENDUR .....	5
4	STEFNUMIÐUÐ ÁRANGURSSTÝRING.....	6
5	HLUTVERK, FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNA .....	8
	HLUTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN .....	8
	STEFNA .....	8
6	MARKMIÐ OG AÐGERÐIR .....	11
7	NÆSTU SKREF .....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
8	VIÐAUKI 1 - VÆNTINGAR .....	13
9	VIÐAUKI 2 – SVÓT GREINING .....	14

---

## 2 INNGANGUR

---

Á fundi sínum þann 27. júní 2007 samþykkti bæjarráð Fljótsdalshérað svohljóðandi samþykkt:

*Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að fræðslunefnd hefji vinnu við framsækna skólastefnu Fljótsdalshéraðs. Stefnan verði heildstæð og nái til skólastarfs í öllum skólum á vegum sveitarfélagsins. Stefnan taki mið af stefnu Fljótsdalshéraðs og niðurstöðum þekkingarþings og sé unnin í samráði við hagsmunaaðila á viðkomandi skólastigum. Stefnt verði að því að skólastefnan verði lögð fyrir bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs í síðasta lagi í febrúar 2008.*

Bæjarstjórn staðfesti þessa samþykkt á fundi sínum þann 15. ágúst 2007. Í framhaldi var skilum seinkað til apríl 2008 og í desember 2007 var settur á laggirnar stýrihópur til að fylgja framkvæmd eftir.

Í stýrihópnum voru Þráinn Lárusson, formaður, Anna Alexandersdóttir, Jónas Guðmundsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir og Þorbjörn Rúnarsson. Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi, var hópnum til aðstoðar. Hrönn Pétursdóttir, MBA, var ráðin til að stilla upp aðferðafræði og leiða þátttakendur í gegnum stefnumótunarvinnuna og hún hafði veg og vanda af frágangi stefnunnar eins og hún er birt hér.

Undirbúningur hófst í desember 2007 og vinnunni lauk um miðjan mars 2008. Á fyrsta fundi stýrihóps var ákveðið að horfa ekki bara til mótunar stefnu fyrir það skólastarf sem er á rekstrarlegri ábyrgð sveitarfélagsins, heldur að horfa til menntunar í víðari skilningi. Var þessi ákvörðun tekin til að mæta áherslum í stefnu Fljótsdalshérað, sem eru ekki síður á uppbyggingu menntunar á efri skólastigum og þróunar ákveðinna atvinnugreina á svæðinu, en þeirra skólastigi sem eru á rekstrarlegri ábyrgð sveitarfélagsins.

Niðurstaða stefnumótunarvinnunnar er tillaga um hlutverk, framtíðarsýn, stefnu og markmið, auk þess aðgerðir fyrir fyrstu þrjú árin voru kortlögð. Efnið er sett fram í stefnukorti og skorkorti, í anda aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats (e. Balanced Scorecard).

Í upphafi voru fyrirliggjandi gögn sem töldu skipta máli tekin saman. Náðu þessi gögn meðal annars til almennrar stefnu sveitarfélagsins, niðurstöðu þekkingarþings og frumvarpa til laga fyrir öll skólastig. Þessi gögn voru sett í möppur sem þátttakendur í vinnunni fengu. Jafnframt var fengið leyfi Félags grunnskólakennara, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélagsins til að kynna og nota sambærileg gögn sem unnin voru á árinu 2007 og náðu til sameiginlegrar framtíðarsýnar aðilanna á starfsemi grunnskóla landsins.

Í janúar var verkefnið síðan kynnt á opnum íbúafundi á Egilsstöðum þar sem megináhersla var lögð á að fá innlegg íbúanna inn í vinnunni. Í framhaldi af fundinum og út febrúar var íbúum síðan gefið færi á að koma ábendingum á framfæri í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins. Bárust ábendingar frá alls fimm einstaklingum í gegnum heimasíðuna.

Til samræmis við samþykkt bæjarráðs var einnig leitað til viðamikils hóps hagsmunaaðila um þátttöku í vinnunni (sjá lista í kafla 3). Sá hópur byrjaði á að hittist allur á tveggja daga fundi í janúar, til að skoða samfélagsþróun og stöðu menntunar í sveitarfélaginu (sjá niðurstöðu í kafla 8) og leggja fyrstu drög að stefnu. Þegar grunnur var kominn að slíku var þátttakendum skipt upp í þrjá vinnuhópa – en þar af runnu tveir þeirra saman á síðara stigi vinnunnar. Vinnuhóparnir hittust samtals í alls 8 skipti, í einn dag í hvert sinn, og útfærðu stefnuna frekar ásamt því að leggja drög að markmiðum og aðgerðum sem tengjast framkvæmd stefnunnar. Hópaþinginn átti sér stað í janúar og febrúar, en í mars hittist hópurinn allur í einn dag og yfirfór heildar sýnina, breytti og aðlagði. Í lok þess fundar lýstu þátttakendur sig sátta við niðurstöðuna.

Skýrslan sem kemur hér á eftir lýsir niðurstöðum umræðna úr vinnuferlinu, sem og því stefnukorti og skorkorti sem stóð eftir við vinnulokinn í mars.

Hrönn Pétursdóttir, MbA

---

### 3 ÞÁTTTAKENDUR

---

Eftirtaldir aðilar tóku þátt í vinnunni. Þar sem hagsmunasamtök eru til staðar var send beiðni um tilnefningu til þeirra og völdu þau fulltrúa sinn.

- Anna Alexandersdóttir, stýrihópur
- Ásta María Hjaltadóttir, fulltrúi starfsfólks grunnskóla
- Björk Sigurgeirsdóttir, Þróunarfélag Austurlands
- Guðmunda Vala Jónasdóttir, fulltrúi leikskólastjóra
- Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi
- Hrafnkatla Eiríksdóttir, formaður Ungmennaráðs
- Ívar Jónsson, Þekkingarsetrið
- Jónas Guðmundsson, stýrihópur
- Jónína Rós Guðmundsdóttir, stýrihópur
- Katla Steinsson, fulltrúi ferðaþjónustu
- Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi frá foreldrafélögum leikskólanna
- Ólöf Ragnarsdóttir, leikskólafulltrúi
- Ragnheiður Kristiansen, fulltrúi verslunar og þjónustu
- Rut Hannesdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla
- Ruth Magnúsdóttir, fulltrúi grunnskólastjóra
- Sigrún Blöndal, fulltrúi framhaldsskólastigs
- Sigurlaug / Ásthildur / Svanfríður, fulltrúar frá foreldrafélagi ME
- Skúli Björn Gunnarsson, fulltrúi frá foreldrafélögum grunnskólanna
- Soffía Sigurjónsdóttir, stýrihópur
- Stefanía Kristinsdóttir, Þekkingarnet Austurlands
- Steingrímur Birgisson, fulltrúi tónlistarskólastjóra
- Torvald Gjerde, fulltrúi starfsfólks tónlistarskóla
- Vigdís Sveinbjarnardóttir, fulltrúi matvælaíðnaðar
- Þorbjörn Rúnarsson, stýrihópur
- Þráinn Lárusson, stýrihópur


Eftirtölum aðilum var jafnframt boðið að vera með innlegg í upphafi vinnunnar og taka síðan þátt í síðasta vinnudeginum.

- Skólaskrifstofa Austurlands, Sigurbjörn Marínósson
- Svæðisskrifstofa fatlaðra, Þorbjörg Garðarsdóttir
- Heilsugæslan á Austurlandi, Ólafía Einarsdóttir
- Lögregluembættið á Seyðisfirði, Óskar Bjartmarz
- Vinnumálastofnun á Austurlandi, Ólöf Guðmundsdóttir

## 4 STEFNUMÍÐUÐ ÁRANGURSSTÝRING

Stefnumótun má lýsa sem kerfisbundnu ferli sem skilgreinir þau forgangsatriði sem þarf að leggja áherslu á til að geta uppfylla skilgreint hlutverk og brugðist við breyttu starfsumhverfi.

Ferlið við stefnumótunina má sjá á myndinni hér á eftir, en til viðbótar er oft bætt við skilgreiningu á gildum. Á meðan mótunarferlið er sýnt línulaga, þá er yfirleitt raunin sú að vinna við eitt atriði ferlisins leiðir til endurskoðunar á atriði sem áður var búið að vinna.



Fyrri hluti ferlisins, þ.e. frá hlutverki til markmiða, snýst um að ákveða hvaða stöðu skipulagsheildin vill vera í eftir tilgreindan tíma. Hlutverkið er til langs tíma og skilgreinir af hverju skipulagsheildin er til og á hvaða vettvangi hún starfar. Framtíðarsýn málur hins vegar framtíðina með orðum, eða lýsir á myndrænan hátt hvernig árangur lítur út. Hún skýrir hvað skipulagsheildin vill vera, og er líkleg til að ná til 10 ára eða meira. Gildin draga aftur á móti fram hvað það er sem skiptir máli í daglegri hegðun og viðmóti.

Stefnan er nokkurs konar leikáætlun sem skilgreinir hvaða leiðir eru farnar til að ná árangri, hún forgangsraðar hvað er gert eða ekki gert. Stefnuna þarf að endurskoða mjög reglulega, til að meta hvort hún var rétt mótuð og hvort hún er enn í gildi miðað við ytri og innri umhverfi. Markmiðin skilgreina síðan hvaða starfssvið þarf að leggja áherslu til að uppfylla stefnuna, og geta gilt mis lengi eftir því hversu umfangsmikil þróunin er sem þau ná til.

Mælikvarðarnir skilgreina með hverju á að fylgjast, með mælingum, til að vita hvaða árangri er verið að ná í að gera stefnu og framtíðarsýn að veruleika. Viðmiðin sýna

Þá hvað telst vera viðunandi árangur, í samanburði við ákveðna grunnstöðu. Viðmiðin gera verið langtíma, skammtíma og / eða eitthvað þar á milli.

Aðgerðirnar draga síðan fram hvað þarf að gera til að ná árangri, og aðföngin sýna hvað þarf til að geta unnið aðgerðirnar.

Hafa þarf í huga að stefnumótun og allt sem á bak við slíkt stendur, er lifandi ferli. Þegar niðurstöður mælinga liggja fyrir þarf því að endurskoða framtíðarsýn, stefnu, markmið, mælikvarða eða viðmið því í ljós getur komið að eitthvað hefur verið hugsað rangt – auk umhverfið þróast með öðrum sniði en gert hafði verið ráð fyrir í stefnumótunarvinnunni. Með sama hætti þarf að fara yfir þær aðgerðir sem unnið hefur verið að eða eru fyrirsjáanlegar, og taka ákvörðun hvort þurfi að breyta, hætta við eða bæta einhverju við.

---

## 5 HLOTVERK, FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNA

---

### HLUTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN

Sveitarfélagið ber ábyrgð á þróun, framkvæmd og rekstri leik-, grunn- og tónskóla, en ekki náms á framhaldsskóla-, háskóla-, sí- og endurmenntunarstigi. Með stefnu þessari hefur sveitarfélagið hins vegar skilgreint að það gegni ákveðnu stuðningshlutverki á síðari skólastigunum, sem leið til að tryggja íbúum aðgengi að góðu og viðeigandi námi frá vöggu til grafar.

Þátttakendur skilgreindu því hlutverk sveitarfélagsins í víðum skilningi:

*Hlutverk Fljótsdalshéraðs í menntamálum er að búa íbúum hvetjandi umhverfi til stöðugar þekkingaröflunar og nýsköpunar*

Framtíðarsýnin var skilgreind þannig:

*Sveitarfélagið Fljótsdalshérað er öflug miðstöð fjölbreyttrar þekkingar og menntunar sem skilar samkeppnishæfum einstaklingum með sterka sjálfsmynd og ríka félagsfærni*

### STEFNA

**Það er stefna Fljótsdalshéraðs í menntamálum** að hlúð verði að skólabrag sem einkennist af áhuga, einlægni og gleði í starfi. Starfsemi menntastofnana sveitarfélagsins laði að sér vel menntað, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk sem taki höndum saman við nemendur og samborgara um að byggja upp samfélag sem drifið er áfram af þekkingarsköpun og –miðlun.

**Það er stefna Fljótsdalshéraðs í menntamálum** að leggja áherslu á og hlúa að skóla margbreytileikans á öllum skólastigum og tryggja sveigjanleika í framkvæmd skólastarfs bæði hvað varðar skil skólastiga og námsgreina og tengsl skólanna við forráðamenn og samfélag. Tryggt verði aðgengi að öflugri stöð- og ráðgjafarþjónustu við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir í samfélaginu með velferð allra að leiðarljósi. Markmið og aðgerðir á sviði lýðheilsu verði samþætt og gerð sýnileg í starfi skólastofnanna.

**Það er stefna Fljótsdalshéraðs í menntamálum** að skapandi nám fái aukið vægi og verði búin bætt skilyrði þar sem þarf.

**Það er stefna Fljótsdalshéraðs í menntamálum** að skólastarf verði í sífelldri þróun og þegar tilefni er til verði óhikað farnar nýjar leiðir jafnvel þó með því sé verið að bæta nýrri merkingu í hugtakið skólastarf. Þannig verði upplýsingatækni í vaxandi mæli nýtt sem órjúfanlegur þáttur við skipulag og framkvæmd náms, umhverfisfræðsla og útinám fái aukið vægi og þróaður verði “Vinnu-skóli”, þar sem gefst tækifæri til að tengja nám og starf með nýjum og einstaklingsbundnum hætti.

### Stefnuþættir – markmið og aðgerðir

Niðurstöður vinnunnar við mótun stefnu sveitarfélagsins í menntamálum til 2027 er hér á eftir sett fram í svokölluðu stefnukorti. Hlutverk og framtíðarsýn eru sýnd þar efst. Stefnuþættirnir eru síðan settir fram flokkaðir í fimm viddir – íbúar, þjónusta,



innri ferli, lærdómur og þróun, og fjármál. Undir íbúum eru sýnt hvaða hæfni, þekkingu og viðhorfum menntun á að skila íbúunum og þar með sveitarfélaginu, og í þjónustuvíddinni er dregið fram hvað þurfi að vera til staðar í þjónustu til að slík hæfni, þekking og viðhorf verði til. Undir innri ferlum eru síðan þeir þættir í innra starfi í sveitarfélaginu sem þurfa að vera í lagi til að hægt sé að veita íbúum þá menntunarþjónustu eða aðgengi að henni, sem þeir þurfa. Undir lærdómi og þróun eru svo þau atriði sem þurfa að vera í sífelldri þróun til að hægt sé að hafa innri ferlin skýr og skilvirk hverju sinni. Undir fjármálum er dregið fram hvaða áherslur þurfi að leggja til að tryggja fjárhagslega undirstöðu þess sem er ofar í kortinu.

Hver stefnuþáttur er settur fram í eigin „kassa“. Hægt er að lesa kortið ofan frá og skilgreinir þá það sem er fyrir neðan hvernig eigi að ná árangri í því sem er fyrir ofan - til að hægt sé að veita góða þjónustu þurfa innri ferlar að vera í lagi og til að innri ferlar séu í lagi þarf að vera stöðugur lærdómur og þróun. Ef kortið er hins vegar lesið neðan frá er dregið fram hverju það sem er neðar skilar – þ.e. ef innri ferli eru skilvirk þá er þjónustan góð. Örvarnar á milli kassanna lýsa orsaka og afleiðingasamhengi. Ef mæling sýnir þannig að ekki er að nást góður árangur í t.d. virku samstarfi, þá er líkleg afleiðing að framboð af námi verði ekki fjölbreytt, viðeigandi stoðþjónusta verði ekki til staðar, o.s.frv.

Hlutverk Fljótshéraðs í menntamálum er að búa íbúum hvetjandi umhverfi til stöðugar þekkingaröflunar og nýsköpunar

Framtíðarsýn

Sveitarfélagið Fljótshérað er öflug miðstöð fjölbreyttrar þekkingar og menntunar sem skilar samkeppnishæfum einstaklingum með sterka sjálfsmýnd og ríka félagsfærni



## 6 MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Í framhaldi af gerð stefnukortsins sem kynnt var í kaflanum hér á undan voru markmið útfærð fyrir hvern stefnubátt. Með því var forgangsraðað hvað leggja þyrfti áherslu á á næstu árum til að uppfylla stefnuna. Mikilvægt er að hafa í huga að stefnan og markmiðin þarf að endurskoða reglulega. Aðstæður geta breyst, árangur náðst hraðar eða seinna en gert var ráð fyrir, einnig getur framkvæmd og mæling leitt í ljós að stefnan eða markmiðin sem skilgreind voru eru ekki rétt eða þau mikilvægestu.

Vidd	Stefnubáttur	Markmið
Íbúar	Rík skapandi hugsun sem skilar sér í frumkvöðlastarfi og nýsköpun	Efla fjölbreytta og markvissa kennslu í list- og verkgreinum og nýsköpun innan leik- og grunnskóla
		Efla stærðfræði og raungreinakennslu/nám sem nýtist í öllu skólasterfi
		Þróa öflugan listaskóla fyrir fólk á öllum aldri
	Hæfni til virkrar þátttöku í alþjóðlegu, fjölmenningarlegu, síbreytilegu og lýðræðislegu samfélagi	Fjölmenningarlegar áherslur fyrir alla nemendur í öllu skólasterfi
		Breyttar áherslur í tungumálakennslu í grunnskólunum, til að styðja við aukna munnlega færni
		Efla /stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum og þátttöku nemenda í skólasterfi, bæði einstaklingslega og í hópum
	Hæfni til heilbrigðra ákvarðana um eigið líf	Auka vitund nemenda um heilbrigða lífshætti
		Einstaklingar öðlist jákvæða sjálfsmýnd og sjálfsgaga og verði vel meðvitaðir um sig og samfélagið
		Efla félagsfærni og seiglu nemenda svo þeir geti betur tekið ábyrgð á eigin lífi
		Efla vitund einstaklinga um ábyrgð í samböndum/sambúð og sem hluti af fjölskyldu
Auka samveru kynslóðanna í gegnum frístunda- og fræðslustarf		
Virðing og ábyrgð gagnvart umhverfi, náttúru og sögu svæðisins	Efld svæðisvitund barna og unglinga	
	Stuðla að hegðun sem styður við sjálfbæra þróun	
Þjónusta	Nám og kennsla við hæfi hvers og eins	Nemendur setja sér markmið og eiga val um inntak, námshraða og námsaðferðir, í samvinnu við kennara og foreldra, gera áætlun og meta árangur
		Hlutverk "Vinnu-skóla" verður endurskilgreint í það að vera fræðslustofnun sem á heilsársgrunni undirbýr börn og ungt fólk fyrir þátttöku í atvinnulífinu
		Sveitarfélagið verði í fararbroddi við að þjóna eigin og annarra jaðarsvæðum með dreifnámi á grunnskólastigi.
	Öflug bóka- og upplýsingamiðstöð sem verði hvetjandi umhverfi fyrir nám og starf í samfélaginu	Þróa eina öfluga miðlæga bóka- og upplýsingamiðstöð með virkum starfsstöðvum í öllum menntastofnunum í sveitarfélaginu
		Auka aðgengi að sí- og endurmenntun í gegnum fjarnám
		Stuðla að því að sérþekking svæðisins nýtist öðrum í gegnum dreifnám og rannsóknir
Fjölbreytt framboð af námi og aðgengi að nýrri þekkingu á framhalds-, háskóla-, sí- og endurmenntunarstigi	Tryggja aðgengi að sérhæfðu námi á framhalds-, háskóla-, sí- og endurmenntunarstigi tengt atvinnulífi á staðnum	
	Opna framhaldsskólana og tengja þá út í samfélagið	
	Auka aðgengi að góðu iðnnámi á framhaldsskólastigi	
Innri ferlar	Fjölbreyttir og sjálfstæðir skólar með sterka sérstöðu	Hver skóli markar sér sérstöðu og eigin stefnu í samræmi við þarfir nemenda, umhverfi og þróun samfélagsins
		Forráðamenn geti valið skóla fyrir börn sín út frá stefnu og áherslum skóla
	Virkt tengsl og sameiginleg ábyrgð heimila og skóla	Ábyrgð og verkaskipting á milli skóla og heimila verði skýr
		Skólinn mæti forráðamönnum á þeirra forsendum eins og hægt er

	Öflug og viðtæk stoðþjónusta	Tryggt verði aðgengi að öflugri stoð- og ráðgjafþjónustu við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir í samfélaginu með velferð allra að leiðarljósi
		Efla úrræði leik- og grunnskólanna til að mæta nemendum með sérþarfir
		Skýra og efla þverfaglega ábyrgð og samvinnu milli aðila vegna leik- og grunnskólastarfs
		Tryggja að náms- og starfsráðgjöf sé í boði fyrir fullorðna einstaklinga sem vilja hefja nám
		Stuðla að aðgengi að stuðningi og undirbúningsnámi fyrir fullorðna sem vilja hefja formlegt nám
	Virkt samstarf og skýr ábyrgð og verkaskipting menntastofnana, sveitarfélags og annarra framkvæmdaraðila eða stofnana í samfélaginu	Tryggja skilgreiningu ábyrgðarsviða og samvinnu á milli aðila
	Mat á þörf fyrir hæfni og þekkingu	Meta reglulega þörf fyrir fullorðinsfræðslu á svæðinu
		Styðja við að nauðsynleg úrræði séu til staðar
Lærdómur og þróun	Vel menntað, hæft og ánægt starfsfólk í skólum sem eru í stöðugri þróun	Ávallt sé starfandi fólk með viðeigandi menntun og bakgrunn
		Þróa og framfylgja virkri og hvetjandi mannauðsstefnu og jákvæðum skólabrag
		Markviss sí- og endurmenntunartilboð fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla
	Jákvæð viðhorf til menntunar og skólastarfs	Hvetja atvinnulíf til að styðja starfsfólk sem fer í nám með vinnu
		Þróa jákvæða sjálfsmynd íbúanna sem þátttakanda í mennta- og þekkingarsamfélagi
		Skapa sveitarfélaginu ímynd sem skóla- og þekkingarsamfélag
	Sveitarfélag nútíma grunþjónustu og lífsgæða	Tryggja öflugt og öruggt félagsstarf og heilbrigða afþreyingu fyrir fólk
		Nýta skólana sem drifkraft í samfélaginu
		Efla lýðheilsu og jákvæðan lífsstíl í sveitarfélaginu
	Virkir íbúar sem stuðla að sjálfbæru samfélagi	Styðja við og koma auga á hæfni íbúa sem hægt er að nýta samfélaginu til góða
		Ungt fólk kjósi að leggja stund á framhaldsskólanám í heimabyggð
		Styðja við menningarlega fjölbreytni og fjölgun íbúa
Fjármál	Ráðstöfun fjármagns innan skólanna á ábyrgð skólastjórnenda	Hver skóli fær skilgreinda upphæð til fullrar ráðstöfunar
	Skýr verka- og tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga	Fjármagn tryggt frá ríkinu til að veita þá þjónustu sem hefur færst / færast á milli stjórnsýslustiga
		Landfræðileg sérstaða og víðfeðmi sveitarfélagsins er viðurkennd og fjárhagslega studd
	Kostnaðarþátttaka ríkis í þróun nýrra námsleiða utan hefðbundinna námskráa grunn- og framhaldsskóla	Sveitarfélagið og ríkið þróa saman leiðir til að koma til móts við námsparfir nemenda sem falla utan hefðbundinna úrræða
	Styðja uppbyggingu og rekstur háskóla- og rannsóknarstarfsemi	Sveitarfélagið beiti sér fyrir stofnun sérstaks rannsóknarsjóðs
		Styðja við umsóknir í utanaðkomandi sjóði
Staðbundið aðgengi að fjármagni til að standa undir sí- og endurmenntun	Tryggja aðgengi að upplýsingum um leiðir í fjármögnun á sí- og endurmenntun	
	Tryggja svæðistengda úthlutun úr landssjóðum	

---

## 7 VIÐAUKI 1 - VÆNTINGAR

---

Í upphafi fyrsta fundar voru þátttakendur beðnir um að setja fram þær væntingar sem þeir hefðu til vinnunnar framundan. Niðurstaðan var eftirfarandi:

- betur menntað fólk fyrir ferðapjónustuna, greinar innan grunnskóla og sérstakar starfsbrautir
- heildstæð sýn á menntamál og tengingu ólíkra aðila
- stefna í menntamálum
- framsækið og raunhæft vinnuþlagg
- markviss stefna
- öflugir háskólar
- efling og samþætting allra skólastiga
- auðvelda markvissan stuðning við uppbyggingu, aðgengi að námi, samræma vinnu, auka fjölbreytni...raunhæft
- fjölskylduvænna samfélag, ímynd sveitarfélagsins, frumkvöðlahugsun
- Fljótsdalshérað miðstöð menntunar í fjórðungnum
- fagfólk sæki í störf
- deila sjónarmiðum, hafa áhrif
- fólk eigi kost á námi í heimabyggð
- eyða tortryggni, skapa heild
- betri skólar, tengsl við umhverfi
- fjölbreytt framboð náms og betra skólastarf
- meðvitaðri og markvissari menntastefna
- auka þekkingu þeirra sem starfa í matvælaíðnaði
- tilboð á framhaldsmenntun fyrir unglinga þannig að þeir kjósi að vera heima
- lífandi stefna, sem taki tillit til sameiginlegra hagsmuna, verði sýnilegt sameiningartákn
- ný hugsun, nám frekar en kennsla, frá vöggu til grafar
- samfella í námi
- sveigjanleiki milli skólastiga
- virkara kerfi, samstarf skóla og samfélags
- tækifæri til breytinga – lög, félagslegar forsendur, minni miðstýring...breytingar á þessum sviðum eru tækifæri annars staðar

## 8 VIÐAUKI 2 – SVÓT GREINING

Á fyrsta fundi unnu þátttakendur, í fjórum hópum, greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum í tengslum við menntun og Fljótsdalshérað. Greiningin var hugsuð út frá stöðu og málefnum í pólitík, efnahag, samfélagsþróun og tækniþróun. Þessi greining var síðan notuð til að móta stefnu og framtíðarsýn sveitarfélagsins í menntamálum.

Niðurstaðan var eftirfarandi, og er 1 mat fyrir leik-, grunn og tónskóla, 2 fyrir vinnuskóla, framhalds- og háskóla, og 3 fyrir sí- og endurmenntun og fullorðinsfræðslu.

### Hópur 1

	Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fallegt umhverfi og mikil tengsl við náttúru til að nýta í leik</li> <li>Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla</li> <li>Fjölbreyttir heildstæðir skólar hver með sína sérstöðu</li> <li>Vel gert við tónlistariðkendur – auðvelt að fá aðstöðu og þannig</li> <li>Aukið samstarf milli leik- og grunnskóla</li> <li>Aukin ráðgjöf til leikskóla, sbr. starf Ólafar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Of mikið skipulag og of lítið frelsi heftir börn í yngstu bekkjum grunnskóla</li> <li>Lengd viðvera barna í leikskóla</li> <li>Vantar einhvern til að tala við inni í grunnskólana, t.d. sálfræðing</li> <li>Fjarlægð t.d. Hallormsstaða- og Brúarásskóla kemur niður á annars góðri og mjög persónulegri kennslu</li> <li>Einhæf leiksvæði í sveitarfélaginu – vantar leiktæki sem örva hugmyndaflug</li> <li>Skortur á fagmenntuðu fólki</li> <li>Stoðþjónustan þarf að vera betri – þurfum fleiri sérfræðinga</li> <li>Aðstaða til að sækja nám / tómstundir ekki jöfn eftir búsetu (samgöngur)</li> <li>Hröð breyting á samfélagsgerð sbr. stórfamkvæmdir</li> <li>Erfiðleikar að halda uppi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ólík afstaða til þess hvað eru réttindi og skyldur</li> <li>Erfiðleikar lítilla barna meiri?</li> <li>Fækkun íbúa í dreifbýli</li> <li>Hver verður þróunin í dreifbýli?</li> <li>Kennaralaun ekki samkeppnishæf við markaðinn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styrkja og efla sérstöðu skólanna</li> <li>Styrkja almenningssamgöngur með tilliti til frjáls skólavals</li> <li>Tölvur og tækni, netið</li> <li>Reka saman grunn og leikskóla, sbr. nýtt frumvarp</li> <li>Samfella í skólastarfi, t.d. grunnskóli og tónlistarskóli</li> </ul>

2	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öflugt félagslíf í skóla skilar nemendum</li> <li>• Litlir skólar veita persónulega þjónustu</li> <li>• Vilji til breytingar og framþróunar</li> <li>• Mannauðurinn er fyrir hendi</li> <li>• Fín tölvukunnátta og auðvelt að stunda fjarnám</li> <li>• Aukin fjölbreytni atvinnulífs</li> <li>• Yfirleitt tekið tillit til mismunandi búsetu, t.d. ekki erfitt að fá frí til að smala eða þannig</li> </ul>	<p>skólastarfi (fá börn, félagslegt)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Léleg afþreying í sveitarfélaginu lætur unglunga fara t.d. til Reykjavíkur í skóla</li> <li>• Þróngsýni</li> <li>• Umhverfið ekki nýtt eins og mögulegt er</li> <li>• Of fámennt sveitarfélag til að opna <u>öflugan</u> háskóla</li> <li>• Ótti við breytingar</li> <li>• Fábreytt námsframboð</li> <li>• Vantar aðstöðu til að iðka áhugamál t.d. hjólabretti eða mótorhjól</li> <li>• Íhaldssemi</li> <li>• Skortur á samstarfsvilja</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Búið að vera mikil þensla og uppbygging sem gæti hrunið núna þegar framkvæmdir eru að hætta</li> <li>• Reiknilíkan fjárveitinga til framhaldsskóla</li> <li>• Yfirvöld menntamála</li> <li>• Vantar skemmtistað – kemur niður á félagslífi</li> <li>• Mismunandi gildismat</li> <li>• Lítið sveitarfélag</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Huga að sérstöðu og sérkennurum svæðisins – byggja á styrkleikum og þekkingu</li> <li>• Breyttar forsendur vegna lagabreytinga – t.d. mtt menntunar starfsfólks, flæði milli skólastiga og samnýtingu starfsfólks</li> <li>• Íþróttaakademía við ME – fimleikar, knattspyrna, golf</li> <li>• Fjölbreyttara námsframboð, byggingagreinar í ME</li> <li>• Margvíslegt samfélag sem gefur marga möguleika</li> <li>• Bæta tengsl milli stofnana og skóla</li> </ul>
3	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkingarnetið</li> <li>• Mikil þekking á möguleikum fjarkennslu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Erfitt að halda úti námi vegna fámennis – litlir markhópar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tímaskortur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Háskólasetur</li> <li>• Metum starfsþekkingu / starfsnám meira – svo lengi lærir sem lifir</li> </ul>

## Hópur 2

	Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
1	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Góð nýting á tækni, frá leikskólum til framhaldsskóla</li> <li>• Góð tenging milli grunn og framhaldsskóla?</li> <li>• Nálægð við nemendur</li> <li>• Fámennið eykur nálægð</li> <li>• Náttúra</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vantar fagfólk í skólana</li> <li>• Þurfum að leita burt í háskóla</li> <li>• Fámennið minnkar fjölbreytni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjölgun innflytjenda – tungumál</li> <li>• Rætur í menningu og sögu svæðisins að minnka</li> <li>• Óhagstæð byggðapróun bæði innan svæðisins og út fyrir það</li> <li>• Erfiðara að fá hæft fólk í vinnu vegna lágra launa</li> <li>• Aukin krafa á uppeldishlutverk skóla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auknir möguleikar á sjálfstæði í skólastarfi</li> <li>• Aukin samfella milli skólastiga</li> <li>• Netíð minnkar félagsfærni</li> <li>• Skapandi listnám á leik og grunnskólastigi</li> <li>• Sameining tónlistarskólanna</li> </ul>
2	<ul style="list-style-type: none"> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjöldi nemenda</li> <li>• Vantar stjórnunarfræðslu fyrir verkstjóra, rekstur</li> <li>• Verslunarmenntun vantar sárlega</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ný lagasetning um skóla kallar á meiri menntun kennara – langt að sækja suður</li> <li>• Einsleitt samfélag</li> <li>• Aukin neysla ólöglegra vímuefna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ferðaþjónusta vaxandi</li> <li>• Aukið verknám í framhaldsskólum</li> <li>• Fjarnám (netháskóli)</li> <li>• Aukin samskiptatækni</li> </ul>

			<ul style="list-style-type: none"> <li>• Menningar og afþreying af skornum skammti</li> <li>• Vantar afþreyingu fyrir ungt fólk</li> <li>• Lágt menntunarstig</li> </ul>	
3	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tækni, s.s. tölvu og myndbúnaður síbatnar</li> <li>• Gott símenntakerfi m. fjarnámi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhugaleysi atvinnulífsins</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skortur á athafnamönnum og frumkvöðlum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lágt menntunarstig – mikil þörf fyrir fræðslu</li> <li>• Miðbæjarkjarni, moll</li> <li>• Efling heilsugæslu f. svæðið (Austurland)</li> <li>• Fjölgun erlendra íbúa</li> <li>• Skógrækt</li> <li>• Góðar samgöngur með flugvelli og krossgötum Evrópu</li> <li>• Vatnajökulspjóðgarður</li> </ul>

### Hópur 3

	Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
1	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Námskrárvinna í öllum skólum</li> <li>• Áhugasamt og metnaðarfullt starfsfólk skólastofnana</li> <li>• Fjölbreyttir skólar, fjölmennir og fámennir og val foreldra um skóla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Erlendir kennarar eiga í erfiðleikum með tjáskipti við yngri nemendur, t.d. í tónlistarskólunum</li> <li>• Foreldrar fylgja almennt ekki útivistarreglum</li> <li>• Vímefna“vandamál“ í eldri bekkjum grunnskóla</li> <li>• Erfitt að fá kennara t.d. í tónlistarskóla</li> <li>• Vantar beinni tengsl skólastarfs á öllum stigum við atvinnulífið</li> <li>• Langur skólaakstur tekur mikinn tíma frá grunnskólabörnum</li> <li>• Dræm þátttaka foreldra í starfi</li> <li>• Vantar meira samband og starf milli skóla og samfélags</li> <li>• Dreifð búseta kallar á nýjar úrlausnir ef tryggja á öllum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fækkun íbúa í dreifbýli og þar af leiðandi dýrari einingar minni skólanna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólastarf er talið skipta miklu máli fyrir samfélagið</li> <li>• Sveigjanleiki í nýjum lagafrumvörpum</li> <li>• Möguleiki á samrekstri skólastiga í nýjum lagafrumvörpum</li> <li>• Mikil tækniþekking og t.d. tölvulæsi ungs fólks</li> <li>• Vannýttur mannauður í eldri borgurum</li> <li>• Auka vægi náms- og starfsráðgjafar í grunnskólunum</li> <li>• Auka samstarf milli skóla og samfélags</li> <li>• Nýta frekar leik sem kennsluáferð og hugmyndafræði</li> </ul>



		<p>jafnfræði í aðgengi að námi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vantar meira samstarf milli skóla og skólastiga</li> <li>• Vantar betri gæslu eftir skóla – stærri</li> <li>• Vantar frekari úrræði fyrir þá sem ekki finna sig innan skólakerfisins</li> <li>• Vantar fleiri leikskólakennara</li> <li>• Vantar fagfólk í stoðkerfið, s.s. talmeinafræðing</li> <li>• Vantar húsnæði fyrir tónlistarskóla á Egilsstöðum</li> <li>• Stuðningur og þjónusta við bráðgera nemendur ekki nægur</li> </ul>		
<b>2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 2 ólíkir, góðir framhaldsskólar í sveitarfélaginu</li> <li>• Mikill áhugi og stuðningur íbúa við uppbyggingu á framhaldsskóla og háskóla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Einangrun og ósýnleiki vinnuskólans, skortur á tengslum við fyrirtæki og starfsemi í samfélaginu</li> <li>• Vantar að menntaskólinn taki ábyrgð á skemmtunum</li> <li>• Vaxandi þörf fyrir að geta mætt ólíkum einstaklingum á öllum skólastigum, hvert þar sem þeir eru og hverjar sem forsendur sem þeir hafa</li> <li>• Vantar háskólanám – fjárnám eða háskóla</li> <li>• Verk- og starfsnámsbrautir vantar – fleiri valkosti í samræmi við þarfir samfélagsins</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Blandaðra samfélag bæði menningarlega og félagslega</li> <li>• Listnámsskóli með áherslu á sem flestar skapandi greinar verði byggður upp á Héraði</li> <li>• Mikil tölvunotkun barna og ungmenna (tekur smá frá mannlegum samskiptum innan og utan fjölskyldu)</li> <li>• Dýrt húsnæði – erfiðara að fá fagmenntað fólk til að flytjast á svæðið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Blandaðra samfélag bæði menningarlega og félagslega</li> <li>• Vilji til af hálfu menntayfirvalda og háskólanna að tryggja háskólastarf í stærri landsbyggðarkjörnum</li> <li>• Aukið aðgengi að fagmenntuðu starfsfólki í stofnanir og fyrirtæki á staðnum</li> <li>• Skilgreina hlutverk vinnuskólans og setja honum markvissa námskrá í samstarfi við atvinnulífið</li> <li>• Vöxtur í ferðaþjónustu</li> <li>• Bættar samgöngur</li> </ul>
<b>3</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hærra menntunarstig foreldra – meiri kröfur</li> <li>• Hæft starfsfólk hjá þekkingarneti (breið og fagleg þekking og reynsla)</li> <li>• Þekkingarnet afar góður og virkur grunnur að byggja á</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Léleg fjarskiptaþjónusta víða í dreifbýli getur hamlað nýtingu tæknilausna</li> <li>• Dræm aðsókn að námskeiðum</li> <li>• Skortur á fjárnámstilboðum á háskólastigi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vantar leiðsögumenn – nám</li> <li>• Vantar meira framboð á endurmenntun og starfsmenntun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukin aðkoma vinnuveitenda að stuðningi við nýja Íslendinga</li> <li>• Tæknilegar framfarir og bætt fjarskiptaþjónusta</li> </ul>

## Hópur 4

	<b>Styrkleikar</b>	<b>Veikleikar</b>	<b>Ógnanir</b>	<b>Tækifæri</b>
<b>1</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölbreyttir skólar í fjölbreyttu umhverfi</li> <li>Mikið skapandi starf í leikskólum</li> <li>Öflug list- og verkgreinamenning</li> <li>Virkir tónlistarskólar – áhugasamir kennarar</li> <li>Stór áhugi í samfélaginu fyrir tónlist og tónlistarskóla</li> <li>Gott samstarf tónskóla við suma grunnskóla</li> <li>Skólinn okkar er aðgengilegur öllum – tekið er á móti öllum nemendum í skólahverfinu</li> <li>Grunnskólar vel tækjum búnir</li> <li>Einstakt umhverfi – nálægð við fjölbreytileg vistsvæði</li> <li>Viðráðanleg stærð grunnskólanna</li> <li>Unnið í gegnum leik í leikskólunum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Of löng bið eftir stoðþjónustu</li> <li>Vantar markvissara samstarf leik- og grunnskóla</li> <li>Kjaraumhverfi kennara – mjög bundið vinnutíma skilgr. takmörkuð viðveruskylda</li> <li>Vantar talmeinafræðing</li> <li>Vantar námsráðgjafa í vetur</li> <li>Sérkennsla og viðamikil</li> <li>Starfsaðstaða skólanna víða ábótavant</li> <li>Tónskólahúsnæði eru yfirleitt ekki byggð fyrir tónlistarkennslu</li> <li>Stundaskrá sem heftir sveigjanleika</li> <li>Samstarf tónskóla frekar lítið við menntaskóla, kirkju, grunnskólanám á Egilsstöðum</li> <li>Vantar stefnumótun í sveitarfélaginu um móttöku og þjónustu við íbúa af erlendum uppruna.</li> <li>Vantar meiri teymisvinnu kennara – einhæft kennsluform til staðar</li> <li>Vantar fleira fagmenntað starfsfólk</li> <li>Launakjör starfsfólks óviðunandi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Niðurnjörvaður vinnutími kennara</li> <li>Bókastýring of mikil – einhæft kennsluform</li> <li>Vinnutími foreldra er langur og eftir uppgang og mikla vinnu þarf samfélagið að taka sér tak til að setja fjölskylduvænt umhverfi í forgang</li> <li>Fyrirsjáanlegt minna fjármagn í sveitarfélaginu – betri nýting á því sem fáum</li> <li>Tímaleysi og röng forgangsroðun forelda til að vera með börnunum</li> <li>Skrifstofuveldið vinnur ekki í samræmi við grasrótna, hlustar ekki, veit betur</li> <li>Miðstýring, frá Mrn – samræmd próf, tryggja lágmarksþjónustu á ákveðnum sviðum</li> <li>Langur skóladagur ungra barna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ný lög minnka miðstýringu námskrár og samræmdra prófa</li> <li>Samstarf og meðvitun menntunarstefna virka hvetjandi og örvandi</li> <li>Fjölbreyttara kennslufyrirkomulag – teymisvinna, opnara kjaraumhverfi, uppstokkun stundaskrár</li> <li>Samgöngur eru greiðar innan sveitarfélagsins</li> <li>Breytt viðhorf til náms- og kennslu</li> <li>Leggja af kennslukvóta – umsóknir – skólastjórar fá peningaupphæð og reka skólann eftir því</li> <li>Tæknin skapar tækifæri til að auka samvinnu milli skóla, auka framboð á vali</li> <li>Tengja menningarviðburði inn í skólana, t.d. Hreindýraland</li> <li>Nýir kjarasamningar framundan</li> <li>Aukin virkni nemenda í samvinnu við atvinnulífið.</li> </ul>
<b>2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þekking, reynsla í fjarnámi// kennslu í tengslum við hugmyndir netháskóla</li> <li>Tónlistarskóli m/hæfum kennurum sem getur boðið upp á nám á framhaldsskólastigi</li> <li>Góð aðstaða til kennslu, nýtt húsnæði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vantar fleiri menntaða kennara</li> <li>Ekkert formlegt verk nám / iðnnám á framhaldsskólastigi</li> <li>Vantar afþreyingu fyrir ungt fólk</li> <li>Meira samstarf við foreldra þar sem allir nemendur eru ekki lögráða</li> <li>Vantar markvisst starfsnám í</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjárveitingarreglur ríkisins</li> <li>Ósamstaða í fjórðungnum um uppbyggingu</li> <li>Félagsleg einangrun unglunga á heimilinu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukin menntunarpörf</li> <li>Setja á stofn íþróttakademíu þar sem við höfum frábæra aðstöðu</li> <li>Auknir möguleikar til samstarfs við aðra skóla</li> <li>Fólk vill nú oft stunda nám samhliða vinnu</li> <li>Stofnun lýðháskóla</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Það eru tveir framhaldsskólar í sveitarfélaginu</li> <li>• Einstakt umhverfi nálægt við fjölbreytt vistkerfi</li> <li>• Fjölgreinanám í ME, þ.e. tekið tillit til þeirra sem eiga erfitt með nám</li> <li>• Ákveðinn grunnur að háskólamenntun til staðar</li> <li>• Fjarnám á háskólastigi</li> <li>• Tekið tillit til góðra nemenda – hraðbraut</li> <li>• Öflug lista- og verkgreina menning</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tengslum v/skóla og atvinnulíf</li> <li>• Stundaskrá sem heftir sveigjanleika</li> <li>• Léleg laun kennara</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samgöngur greiðar innan sveitarfélagsins</li> <li>• Samstarf við atvinnulífið um að koma á starfsnámi go grunniðnámi</li> </ul>
3	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frumkvöðlastarf í fjarnámi / fjarkennslu</li> <li>• Endurmenntunarmiðstöð í sveitarfélaginu</li> <li>• Einstakt umhverfi, nálægð v fjölbreytt vistkerfi</li> <li>• Þekkingarsetur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ómarkvissar endurmenntunaráætlanir fyrirtækja / stofnana í einhverjum tilfellum</li> <li>• Tiltölulega fámennur og dreifður fjórðungur</li> <li>• Vantar fjölbreyttari endurmenntunarleiðir</li> <li>• Vantar formgerð á þekkingarsetrið</li> <li>• Fólk þekkir ekki þekkingarsetrið og þekkingarnetið nógu vel</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulag fjarnáms v/æðri menntastofnanir þjóðarinnar á eftir þróun í fjarkennslumálum</li> <li>• Allir vilja endurmenntun til sín – ósamstaða í fjórðungnum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýu lagafrumvörp um öll skólastig</li> <li>• Hækkað menntunarstig íbúa</li> <li>• Íslenskunám inn í vinnutíma fólks af erlendum uppruna</li> <li>• Tækniframfarir í samskiptamöguleikum</li> <li>• Meira af námstilboðum frá framhaldsskóla ME og HS fyrir almenning</li> <li>• Við byggjum samfélag okkar meira á frumkvæði íbúanna – t.d. félagsl. – og að skapa afþreyingu</li> <li>• Aukin menntunarpörf</li> <li>• Samgöngur eru góðar innan sveitarfélags</li> <li>• Nálægð við væntanlegan Vatnajökulspjóðgarð – gott aðgengi að jöklinum</li> </ul>